

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Hallveigarstígur 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 23. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Í breytingunni felst m.a. að grafið er út á svæði á norðurhlíð byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útisvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert ráð fyrir tröppu vestanmegin frá. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Klausturstígur 1-11 og Kapellustígur 1-13.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. október 2018, breytingu á deiliskipulagi námsmannagarða við Klausturstíg 1-11 og Kapellustíg 1-13. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða um 52 í fjórum nýjum húsum á lóðinni nr. 1-11 við Klausturstíg og 1-13 við Kapellustíg ásamt byggingu geymslu fyrir starfsemi byggingarfélags námsmanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Traðarland 1, Vikingur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. október 2018, breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Vikings að Traðarlandi 1. Í breytingunni felst m.a að aðalkeppnisvöllur verður með upphituðu gervigrasi og fjórum ljósamöstrum með LED-lýsingum á úthornum öryggissvæðis við keppnisvöll. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Grettisgata 50 og 50B.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.1, vegna lóðanna nr. 50 og 50B við Grettisgötu. Í breytingunni felst m.a. að allar niðurrifsheimildir eru felldar niður, lóðir sameinaðar og kvöð um aðgengi að Grettisgötu 50B er felld niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Austurbakki 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgaráðs, þann 14. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Austurhfnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að hámarkskótar byggingar á byggingarreit 6 hækka allir um 0,9 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. nóvember 2018.*

**Björn Axelsson.**